

BORGARRÁÐ 16. febrúar 2023: Framhaldsfyrirspurn borgarráðsfulltrúa Sósíalístaflokks Íslands um verklag vegna innheimtu hjá B-hluta fyrirtækjum borgarinnar - MSS22080174

Þakkað er fyrir svar fjármála- og áhættustýringarsviðs, dags. 13. febrúar 2023, við fyrirspurn borgarráðsfulltrúa Sósíalístaflokks Íslands um verklag vegna innheimtu hjá B-hluta fyrirtækjum borgarinnar, sbr. 43. lið fundargerðar borgarráðs frá 5. janúar 2023 en í því kemur fram að Motus sendir lögbundnar innheimtuviaðvaranir þegar krafa kemur til þeirra. Þegar innheimtuviaðvörðun er send á viðskiptavinum sendir Motus lista til Strætó sem er yfirfarinn niður á einstaklinga. Það fer alltaf fram mat á því hvort að kröfur eru sendar áfram, s.s. ef viðskiptavinur stendur alltaf í skilum, krafa er undir 5.000 og eigandi kröfu skuldar ekkert annað o.s.frv. Gjaldldagi er alltaf í lok þess mánaðar sem krafa er send út og eindagi er 5-7 dögum seinna. Ef krafan er ógreidd í 10 daga fram yfir eindag fer hún til Motus í milliinnheimtu. Almennt sendir Strætó ekki kröfur í löginheimtu þar sem um er að ræða lágar fjárhæðir, það eru þó örfáar undantekningar frá því ef fjárhæðir eru verulegar en afskaplega sjaldgæft. Fulltrúi Sósíalista spyr hvaða ógreiddu gjöld sé um að ræða hér? Er t.d. verið að ræða um fargjöld sem eru keypt með Visa korti þar sem heimild fæst síðan ekki á kortið, eða gjöld vegna Pant akstursþjónustu?